

## 11. gr.

Nú er tengingu heimæða lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## IV. KAFLI

## 12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 13. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur, hverju sinni kr. 536,00.

## 14. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Dalvíkur og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 26 25. janúar 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1985.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 307, 25. apríl 1983 um iðgjald til slysatrygginga skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.**

## 1. gr.

3. grein hljóði svo:

Iðgjöld skulu frá 1. janúar 1985 nema 0,32% af gjaldstofni skv. 2. gr.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*